

Tónlistardeild

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf(NAIP)

„Að taka óperuna út fyrir boxið“

Óperusöngkona kemur fram með rafpönkhljómsveitinni Hatara

Greinagerð til MMus-gráðu í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

(New Audiences and Innovative Practice, NAIP)

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir

Vorönn 2018

Tónlistardeild

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf(NAIP)

„Að taka óperuna út fyrir boxið“

Óperusöngkona kemur fram með rafpönkhljómsveitinni Hatara

Greinagerð til MMus-gráðu í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi

(New Audiences and Innovative Practice, NAIP)

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir

Kt.: 120490-2309

Leiðbeinandi: Sigurður Halldórsson

Vorönn 2018

Útdráttur

Hæ, ég heiti Heiðdís Hanna Sigurðardóttir og er óperusöngkona. Frá því að ég byrjaði í meistaranámi í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi í Listaháskóla Íslands hef ég velt því fyrir mér hvort að ég geti gert óperu og óperutónlist á einhvern hátt aðgengilegri. Ég hef sérstakan áhuga á að ná til fólks sem að hefur aldrei séð óperusýningu og er jafnvel með svolitla fordóma fyrir óperum. Gæti þessi hópur haft gaman af óperutónlist? Pavarotti er einn þeirra óperusöngvara sem að margir þekkja. Honum tókst að ná til margfalt breiðari hóps áhorfenda heldur en sérstakra óperuunnenda. Hann gerði það samt ekki með því að syngja óperusýningar, heldur með því að taka óperutónlistina út fyrir óperuhúsið og flytja á tónleikum, meðal annars á stórum leikvöngum út um allan heim. Í þessari greinagerð fjalla ég um tilraunir sem að ég gerði með rafpönkhljómsveitinni Hatara þar sem að ég tók einmitt óperutónlist út fyrir óperuhúsið. Einn viðburðurinn var haldinn á skemmtistaðnum Húrra í miðbæ Reykjavíkur á laugardagskvöldi og voru útgáfutónleikar hljómsveitarinnar Hatara. Tónleikarnir enduðu á því að ég söng aríu úr óperu sem að heitir Töfraflautan og er eftir Mozart. Stemmningin var allt önnur en ég er vön á hefðbundnum klassískum tónleikum eða inni í óperuhúsi. Viðtökur áhorfenda voru mjög góðar og það hvatti okkur til þess að halda áfram að gera samskonar tilraunir. Nokkrum mánuðum seinna komum við fram á Hlustendaverðlaunum Bylgjunnar, FM957 og X-ins977. Á þessum tveimur tilraunaverkefnum lærði ég að þeir sem að hafa aldrei farið í óperuna, geta samt sem áður haft gaman af óperutónlist og stefni ég á að halda áfram að leita leiða til þess að gera óperutónlist aðgengilegri fyrir nýja áhorfendur.

Abstract

Hi, my name is Heiddis Hanna Sigurdardottir and I am an opera singer. Since I started my master studies at the Iceland University of the Arts, I have been wondering whether I can find a way to make opera and opera music more accessible. I am especially interested in reaching people who have never been to the opera and might also be a little bit sceptic about it. Could they never the less enjoy it? Pavarotti is an opera singer who a lot of people have heard of. He managed to reach out to a much larger audience than opera fans only. He didn't do so by singing in opera houses. He sang in all kinds of concerts in big venues around the world. In this report I will reflect on an experiment that I did with an Icelandic electro punk band called Hatari. We created an event in a club called Húrra, downtown Reykjavik on a Saturday night where Hatari performed the songs from their new album and at the end of the concert I sang an aria from the opera The Magic Flute by Mozart. The atmosphere was very different from an atmosphere that I am used to in a typical classical concert. The crowd seemed to really enjoy the concert, which encouraged us to perform again. By doing those two experiments, I learned that people who to me don't seem like a usual opera audience, might never the less like opera music. I plan to keep on experimenting on how to make opera more accessible to a new group of audiences.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Óperur	7
Tungumál og textavélar	7
Staðalímyndir	8
Nýir áhorfendur	9
Ópera um ekkert	10
Hatari á Húrra	10
Hatari á Hlustendaverðlaununum	11
Niðurstöður	12
Lokaorð	14
Heimildarskrá	15

Inngangur

Ég heiti Heiðdís Hanna Sigurðardóttir og er óperusöngkona. Mér finnst samt alltaf mjög skrytið að kalla sjálfa mig óperusöngkonu og ég kys eiginlega frekar að kalla mig söngkonu. Ég er búin að læra klassískan söng í u.þ.b. 10 ár. Fyrst á Íslandi og svo í Þýskalandi og langar til þess að starfa sem óperusöngkona. Þegar ég var í söngnámi í Þýskalandi þá sá ég fyrir mér að ég myndi klára námið og sækja svo um stöðu í óperuhúsi í Þýskalandi af því að ég sá ekki fyrir mér að það væri hægt að starfa sem óperusöngkona á Íslandi.

Námið gekk mikið út á það að fylgja fyrirmælum og að þjálfra upp raddtækni til þess að geta yfirhöfuð sungið óperutónlist. Aðal takmarkið var að ná tökum á raddtækninni og lítil áhersla var lögð á annað. Í gegnum námið fannst mér ég smám saman týna sköpunargleðinni og sjálfri mér og mér fór að líða eins og strengjabrúðu, sem var ekki góð tilfinning. Á þessum tíma velti ég því lítið fyrir mér hver ég vildi verða sem listamaður, en það má segja að þessi lífsreynsla hafi verið upphafið af því að ég fór að líta öðrum augum á óperuna, á sjálfan mig sem óperusöngkonu og fór að spyrja spurninga.

Þegar ég kom aftur heim til Íslands og hóf nám í Listaháskóla Íslands þá byrjaði ég á að skoða hvort það væri mögulega hægt að starfa sem óperusöngvari á Íslandi sem að varð til þess að alls konar spurningar vöknud. Fyrir hvern er eiginlega ópera? Hvaða sögur er verið að segja í óperum og eiga þær erindi við fólk nú á tímum? Hvers vegna er oft sungið á tungumáli sem áhorfendur skilja ekki? Af hverju eru óperur alltaf svona langar?

Ég velti því fyrir mér hvort að fleiri hefðu gaman af óperum eða óperutónlist ef að umgjörðin væri önnur. Þessar spurningar leiddu svo til þess að ég fór að kanna hvað ég gæti gert sem flytjandi til þess að gera óperu og óperutónlist aðgengilegri og fór að leita leiða til þess að ná til nýrra áhorfenda.

Í þessari greinagerð mun ég fjalla um tilraun sem að ég gerði ásamt rafpönkhljómsveitinni Hatara sem að fól í sér að ná til nýrra áhorfenda með því að taka óperutónlistina út úr óperuhúsinu og setja í annað umhverfi og samhengi. Ég ígrunda hvaða áhrif þessi tilraun hafði á hugmyndir mínar um óperusöng og sjálfsmynd mína sem söngkonu.

Óperur

Óperur eða óperuformið, virðist mér stundum vera Íslendingum frekar framandi og ég velti fyrir mér hvers vegna. Nú eru söngleikir og alls konar söngsýningar mjög vinsælar á Íslandi. Í Borgarleikhúsinu eru t.d. flestar söngsýningar sýndar að minnsta kosti 100 sinnum og oftast er uppselt. Af hverju ætli fólk flykkist á söngleiki á Íslandi en detti ekki í hug að fara í óperuna? Flestar óperur sem að eru settar reglulega á svið í hefðbundnum óperuhúsum út um allan heim voru samdar fyrir aldarmótin 1900. Sögurnar sem að eru sagðar í þessum óperum eru þar af leiðandi gamlar og í einhverjum tilvikum úreltar.

Óperur eru oftast fluttar á frummálinu. Það er að segja ópera sem var samin á frönsku er flutt á frönsku og ópera sem var samin á ítölsku er flutt á ítölsku o.s.fr.v. Eftir því sem ég kemst næst, hefur mér virðst algengt að fólki finnist það þurfa að vita eitthvað um óperur til þess að geta farið í óperuna og haft gaman af því. Þurfi helst að kynna sér söguþráðinn áður en það mætir á sýninguna og jafnvel lesa sig eitthvað til um tónskáldið og ef það hafi ekki þessa sérþekkingu sem það telur sig þurfa að hafa þá fari það ekki í óperuna.

Í mínu nánasta umhverfi á Íslandi verð ég oftast öruggur við að fólk hafi ekki séð óperusýningu heldur en að það hafi séð sýningu. Eflaust hefur það eitthvað með það að gera að á Íslandi er lítið framboð af óperusýningum en eins og er eru að meðaltali sýndar ein til tvær óperuuppfærslur á ári hjá Íslensku óperunni, ein að vori og ein að hausti.¹ Lítið annað er í boði, en eitthvað er um að sjálfstæðir listhópar setji upp óperur. Einnig eru stundum sýndar óperur á Listahátíð í Reykjavík sem fram fer annað hvert ár.² Til samanburðar þá held ég að ég þekki engan sem kominn er yfir tvítugt og hefur aldrei á ævinni séð söngleik.

Tungumál og textavélar

Væntanlega eru ótal margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk fer ekki í óperuna og finnst ópera ekki vera fyrir sig en mín kenning er sú, að þegar kemur að heilum óperusýningum þá spili tungumálið stóran þátt. Fólk skilur ekki hvað söngvarinn er að segja og getur þess vegna ekki fylgt framvindu sögunnar. Stundum getur líka verið mjög erfitt að heyrja textann í klassískum söng og fer það t.d. eftir því á hvaða raddsviði söngvarans tónlistin er

¹ „Sýningar“, Íslenska óperan, sótt 6. júní 2018, <http://opera.is/is/syningar/>.

² „Listahátíð í Reykjavík |“, Listahátíð í Reykjavík, sótt 6. júní 2018, listahatid.is.

samin. Einnig er það misjafnt eftir söngtækni söngvara hversu vel textinn skilst og þá getur allt eins verið að sungið sé á tungumáli sem að áhorfendur skilja en í söngnum skilja þeir samt ekki textann.

Nú eru textavélar í flestum óperuhúsum, sem virka í raun eins og textað sjónvarpsefni. Óperan er þá sungin á því tungumáli sem hún var samin og um leið og söngvarinn syngur birtist þýðing á textavél fyrir ofan sviðið sem gerir áhorfandanum kleift að fylgja söguþræðinum. Hvaða áhrif hefur það á samband áhorfenda og flytjenda þegar flytjandi notar tungumál sem að áhorfandinn skilur ekki nema með aðstoð textavélar? Það er ef til vill að einhverju leyti eins og að tala við aðra manneskju með túlk við hliðina á sér. Sem sagt önnur upplifun en að tala beint við aðra manneskju á sama tungumáli og það má kannski segja að það verði einhvers konar rof á milli áhorfenda og flytjenda. Ætli það væri meiri áhugi á óperu ef að sungið væri á tungumáli sem að áhorfendur skilja?

Staðalímyndir

Eins og kom fram hér áðan, þá kom ég inn í meistaranámið með alls konar spurningar varðandi óperur og eftir að ég flutti aftur heim til Íslands þá fór ég sérstaklega að velta fyrir mér þeim sem að hafa aldrei séð óperusýningu. Ég fór því af stað inn í lokaverkefnið mitt með spurningar eins og: „Hvernig birtist ópera þeim sem að hafa aldrei séð óperu og er sú mynd líkleg til þess að fá fólk til þess að fara í óperuna? Hvaða áhrif hefur staðalímynd óperunnar á mig sem óperusöngkonu og hvað gæti ég gert til þess að ná til nýrra áhorfenda? Hvernig myndi áhorfandi sem að aldrei hefur farið í óperuna bregðast við óvæntum lifandi flutningi á óperutónlist?“ Mér hefur virðst staðalímynd fastagesta óperuhúsa vera vel efnað og jafnvel snobbað eldra fólk. Ætli það sé á einhvern hátt fráhrindandi fyrir aðra áhorfendur?

Það fyrsta sem að kemur upp í hugann hjá mörgum þegar talað er um óperu er feit óperusöngkona með víkingahjálmi eða óperusöngkona sem að syngur svo hátt að hún brýtur glas. Aðrir sjá hugsanlega fyrir sér staðalímynd hins hrokafulla óperusöngvara, sem er með nefið upp í loft og telur sig yfir aðra hafinn. Ef til vill eru þetta ósanngjarnar fullyrðingar og tengjast kannski bara því hvernig ég sé óperu eða mínum eigin fordómum, en hvorug þessara mynda er beint heillandi og fær fólk tæpast til þess að vilja skella sér í óperuna.

En svo eru jákvæðari ímyndir óperunnar eins og t.d. Pavarotti, frægasti óperusöngvari allra tíma. Margir virðast hafa heyrt um hann og hrifist af honum. Pavarotti

var virkilega góður söngvari og söng í óperuhúsum um allan heim. Hann langaði hins vegar til þess að ná til breiðari hóps áhorfenda og lagði sitt af mörkum til þess. Hann hélt reglulega tónleika víðs vegar um heiminn og kom fram á tónleikum með öðrum frægum söngvurum. Tónleikum hans var oft sjónvarpað og hann náði einnig það miklum vinsældum að hann fyllti stóra leikvanga, líkt og poppstjörnur gera nú, þar sem mörg þúsund manns koma saman til þess að sjá tónleikana. Pavarotti er dæmi um óperusöngvara sem að náði til margfalt breiðari áhorfendahóps heldur en bara óperuunnenda en hann gerði það með því að fara með óperutónlistina út úr óperuhúsinu og í annað umhverfi.³

Önnur birtingarmynd óperu eða óperusöngs fyrir fólk sem að hefur aldrei séð óperusýningu er í hæfileikakeppnum í sjónvarpi. *America's Got Talent, Britain's Got Talent* og fleiri. Paul Potts og hin unga Jackie Evelyn eru söngvarar sem að hafa sungið óperutónlist í sjónvarpi og heillað áhorfendur. Paul Potts vann keppnina Britain's Got Talent árið 2007 sem gefur til kynna að áhorfendur höfðu áhuga á að heyra óperusöng.⁴

Nýir áhorfendur

Áður en ég segi nánar frá lokaverkefni mínu þá langar mig að nefna dæmi um önnur verkefni sem að ég vann á námstímanum sem hafa haft áhrif á mig, hugsun mína um stöðu óperu, samband flytjenda og áheyrenda og sjálfsmynd mína sem söngkona. Það má segja að nýir áhorfendur og samband milli flytjenda og áhorfenda sé búið að vera eins og rauður þráður í gegnum námið og öll verkefni sem ég hef unnið hafa tengst því þema á einn eða annan hátt. Í byrjun námsins lagðist ég í leit að íslenskum barnaóperum þar sem að ég sá tækifæri til þess að kynna óperu fyrir ungum og nýjum áhorfendum. Það fór svo að síðustu tvær annir hef ég í sameiningu með listahópnum Magga, Dísu og Sigga, unnið að ævintýraóperunni *Sónötu* eftir Hjálmar H. Ragnarsson sem er hugsuð fyrir börn. Hópurinn hélt svokallaða verk í vinnslu sýningu nú í maí og stefnir á fleiri sýningar í haust.

Annað dæmi um verkefni sem ég vann voru Sumartónleikar í Garðabæ þar sem að ég, ásamt Bryndísi Guðjónsdóttur, söngkonu og Matthildi Önnu Gísladóttur, píanóleikara hélt. Þar lékum við okkur með óperuaríur sem að okkur finnast skemmtilegar og leituum leiða til þess að færa þær nær áhorfendum. Við sungum aríurnar á frummálinu en skrifuðum stutta lýsingu á íslensku í prógramið um hverja aríu. Við kynntum einnig hvern flokk fyrir sig, en tónleikunum var skipt niður í þrjá flokka og svo sviðssettum við aríurnar

³ Luciano Pavarotti og William Wright, *Pavarotti, my world*, 1st ed (New York: Crown, 1995).

⁴ Sjá nánar á <http://www.paulpottsofficial.com/home/>.

og dúettana. Þessir tónleikar heppnuðust vel og stefnum við á að halda fleiri tónleika í svipuðum dúr næsta haust.

Ópera um ekkert

Vorið 2017 tók ég þátt í einstaklingsverkefni Matthíasar Haraldar Tryggvasonar, nemanda á Sviðshöfundabraut í LHÍ, sem að hét Ópera um ekkert.⁵ Verkið var unnið í samsköpun og að verkinu komu Matthías, ég, Pétur Eggertsson (tónsmíðanemandi), Hákon Jóhannesson (leiklistarnemi) og Snæfríður Sól Gunnarsdóttir (nemandi á Sviðshöfundabraut og dansari). Þetta var fyrsta verkefnið sem að ég vann eftir samsköpunar- og spunaaðferð, sem var þar af leiðandi framandi og talsvert langt út fyrir þægindarammann. Allir lögðu eitthvað á borðið og úr því varð sýning.

Pétur samdi tónlistina í verkinu og í fyrsta sinn á ævinni samdi ég texta. Fram að þessu hafði ég alltaf unnið með fullsamin verk og æft verkið í nokkrar vikur eða mánuði út frá því sem stóð í nótunum og flutt svo eftir bestu getu á sviði. Með þessari nýju reynslu fannst mér ég stíga inn í heim sviðslista og á sama tíma fá meira tækifæri til þess að skapa og búa til eitthvað nýtt. Handrit kom aldrei til sögunnar og þessi reynsla fékk mig til þess að líta öðrum augum á óperu. Ég sá aðra möguleika og varð forvitin.

Þessi samvinna leiddi svo til þess að ég fór í frekara samstarf við Matthías, sem er meðlimur í hljómsveitinni Hatari og til varð viðburðurinn Hatari á Húrra sem er fyrri hlutinn af lokaverkefninu mínu.

Hatari á Húrra

Hatari er íslensk rafrönkhljómsveit sem hefur síðustu tvö ár getið sér gott orð sem hljómsveit.⁶ Hljómsveitin hefur stundum boðið leynigesti að koma fram á tónleikum hjá sér og í þetta sinn ákvað hljómsveitin að blanda saman mjög ólíkum tónlistarstílum og bjóða óperusöngkonu að koma fram, sem var sem sagt ég.

Viðburðurinn var haldinn á skemmtistaðnum Húrra í miðbæ Reykjavíkur þann 28. október 2017 og voru þetta útgáfutónleikar hljómsveitarinnar. Hatari steig á svið í kringum miðnætti og flutti lög af nýju plötunni. Eftir síðasta lagið þeirra kom heldur dramatísk rafdróntónlist sem að tengdi saman síðasta lagið þeirra og aríuna sem að ég söng. Arían var

⁵ „Ópera um ekkert (2017) on Vimeo“, <https://vimeo.com/218485171>.

⁶ „HATARI“ sjá nánar á <https://hatari.is/>.

aría Paminu úr Töfraflautunni eftir Mozart og heitir Ach ich fühl's. Ég gekk undir þessari raftónlist, mjög rólega í karakter inn á sviðið í rauðum síðkjól með keðjum hangandi yfir.

Ég fann fyrir því að það myndaðist mjög sérstök stemmning meðal áhorfenda sem mér virtist vera eftirvænting eftir einhverju sem að fólk vissi ekki alveg hvað var. Enginn vissi í raun hvað var að fara að gerast. Ég stóð í svolitla stund fyrir framan míkrafóninn, með rafdrónið undir, áður en að ég byrjaði að syngja. Þegar ég byrjaði svo að syngja aríuna í klassískum söngstíl í míkrafóninn sló algjöra þögn á hópinn og sumir gripu andköf. Áhorfendur virtust fyrst vera í smá sjokki. Það var eins og þeir hefðu aldrei upplifað neitt í líkingu við þetta áður og það kallaði á þessi viðbrögð. Líklega var óperusöngkona líka það síðasta sem að þeir áttu von á að sjá á þessu sviði þetta kvöld. Stuttu áður höfðu sömu áhorfendur hoppað um gólfin og öskrað undir tónlist Hatara en stóðu nú stjarfir og virtust ekki trúa sínum eigin augum né eyrum. Þegar áhorfendur voru komnir yfir mesta sjokkið eða áfallið, þá virtust þeir hafa gaman af tónlistinni sjálfri og að aríunni lokinni brutust út mikil fagnaðarlæti.

Upplifun mín var mögnuð og mjög ólík allri fyrri reynslu minni sem flytjandi. Mér fannst ég allt í einu vera komin inn í samtímann, eins undarlega og það kann að hljóma. Að syngja á skemmtistað á laugardagskvöldi fyrir jafnaldra mína var eitthvað svo heiðarlegt og raunverulegt. Viðtökurnar voru það góðar að við ákváðum að halda áfram með samstarfið og prófa okkur áfram með mismunandi útfærslur.

Hatari á Hlustendaverðlaununum

Seinni hluti lokaverkefnisins er Hatari á Hlustendaverðlaununum, laugardagskvöldið 3. febrúar 2018. Hlustendaverðlaunin eru árlegur viðburður sem útvarpsstöðvarnar Bylgjan, FM957 og X977 halda. Þar hlýtur íslenskt tónlistarfólk verðlaun sem að mati hlustenda hefur skarað fram úr á árinu. Viðburðurinn er sendur út í beinni útsendingu í sjónvarpi á stöð 2 en einnig eru áhorfendur í sal. Þessi viðburður kom upp með stuttum fyrirvara og þurftum við því að hafa hraðar hendur.

Ferlið fór þannig fram að ég byrjaði á að spinna laglínu út frá þeirri merkingu sem að ég lagði í „dramatíska laglínu í óperustíl“. Ég kynnti tilboðið fyrir Matthíasi, Klemensi og Friðriki Margrétar-Guðmundssyni og við þróuðum lagið áfram í sameiningu. Hugmyndin var að tengja lagið einhvern vegin við lagið X hjá Hatara og kom upp sú hugmynd að syngja sama texta og í laginu X en í þýskri þýðingu. Okkur fannst það vera dramatískara og óperulegra að syngja textann á þýsku.

Seinna kom síðan upp sú hugmynd að prófa að syngja textann á íslensku, bara til að heyra hvernig það kæmi út. Ég var frekar svartsýn á það og nokkuð viss um að það yrði bara kjánalegt, en við prófuðum það og þá var ekki aftur snúið. Við vorum öll sammála um að það bætti miklu við sem áhorfandi að skilja textann og einnig fyrir mig sem flytjanda. Tengingin við textann á mínu móðurmáli var dýpri og túlkunin meira sannfærandi. Einnig hafði það áhrif á mig sem flytjanda að vita að áhorfendur skyldu textann.

Á þessum viðburði ákváðum við að prófa að fara meira inn í klisjuna og staðalímynd óperunnar. Alvarleiki, dramatík og glæsilegur klæðnaður. Við gerðum það t.d. með því að vera með flygil á sviðinu og klæðnaður okkar, mín og píanóleikarans, var hefðbundinn. Ég í rauðum síðkjól og hann í jakkafötum. Þessi flutningur hefði allt eins getað átt sér stað í glæsilegum tónleikasal.

Hljómsveitin Hatari var kynnt á svið og inn kom óperusöngkona og píanóleikari. Áhorfendur voru heldur hissa og sumir héldu kannski að um mistök væri að ræða. Við fluttum lagið, sem að við sömdu í sömu viku, við brot úr textanum úr lagi X með Hatara. Lagið var innan við tvær mínútur og var hugsað sem einskonar innleiðing inn í lagið X með Hatara sem að hljómsveitin flutti svo í beinu framhaldi.⁷ Mín túlkun á viðbrögðum áhorfenda úr sal var sú að þeim fundist þetta frekar skrytið, að öðru leyti átti ég erfitt með að átta mig á því hvernig áhorfendur tóku í þennan óvænta óperusöng.

Hins vegar kom það mér á óvart hvað margir jafnaldrar mínir, sem ég þekki og veit að hafa ekki sérlegan áhuga á óperu, lístu yfir hrifningu sinni. Þeir áhorfendur höfðu þá séð viðburðinn í sjónvarpi.

Niðurstöður

Niðurstaðan úr verkefninu Hatari á Húrra, er sú að ég tel að meirihluti áhorfenda sem þar voru hefðu áhuga á að sjá sams konar viðburð aftur. Ég tel hins vegar afar ólíklegt að þessir áhorfendur hefðu áhuga á að koma í óperuna með hinum hefðbundnu óperugestum. Ég held að staður og stund hafi skipt miklu máli og hafi einnig haft mikil áhrif á það hvernig áhorfendur upplifðu viðburðinn í heild sinni. Áhorfendur voru í umhverfi sem að þeir þekktu og meðal jafnaldra sinna. Ein aría er líka allt annað en heil óperusýning.

⁷ *Hlustendaverðlaunin 2018 X-Hatari*, hér má sjá atriðið í heild sinni <https://www.youtube.com/watch?v=h6LRoB37Vus>.

Margar milljónir manna hafa gaman af því að heyra Pavarotti syngja Nessun dorma úr Turandot en ég tel óvíst að þeir hefðu gaman af því að sjá óperuna Turandot eftir Puccini í heild sinni þó ég geti ekki fullyrt það.

Fyrir í þessari greinagerð velti ég fyrir mér á hvaða tungumáli er sungið í óperum og hvaða áhrif það hefði á samband flytjenda og áhorfenda að flytjandinn syngi á tungumáli sem að áhorfendur skilja ekki. Á Húrra söng ég aríu á þýsku úr Töfraflautunni eftir Mozart. Það að ég hafi sungið á tungumáli sem að áhorfendur skildu ekki fannst mér, í þessu samhengi, ekki skipta máli. Arían var tekin úr samhengi og með flutningi hennar var ekki ætlunin að segja sögu Töfraflautunnar heldur að túlka tilfinninguna sem að liggur á bakvið aríuna. Hvort að áhorfendur skildu hvert einasta orð var að mínu mati aukaatriði í þessu samhengi.

Ég lít í raun á þetta þannig að um tvo ólíka hluti sé að ræða. Eitt er óperusýning sem leikverk þar sem sögð er saga frá byrjun til enda og annað er þegar tónlist úr óperum er tekin úr samhengi við óperuna og flutt ein og sér. Varðandi tungumálið og tengingu við áhorfendur þá held ég að það sé mjög mikilvægt að áhorfendur skilji hvað er verið að segja og geti fylgt sögunni eftir þegar um er að ræða óperusýningar. Hins vegar held ég að á tónleikum þá sé vel hægt að njóta tónleikanna án þess að skilja eitt einasta orð. Ég er samt viss um að það dýpkar upplifunina bæði fyrir áhorfendur og flytjendur ef að allir skilja textann, auk þess sem það skapar jafnvel áhrifameiri tengsl milli flytjenda og áhorfenda.

Fyrir í greinagerðinni velti ég einnig fyrir mér hvernig ópera blasir við þeim sem að hafa aldrei séð óperusýningu og staðalímynd óperuunnenda. Ég tel það líklegt að áhorfendur sem að komu á útgáfutónleika Hatara á Húrra hafi fæstir séð óperusýningu og eigi eflaust lítið sameiginlegt með hinum hefðbundna óperuunnanda. Verkefnið vakti hjá mér spurningu um hvort að það gæti verið að ef ópera væri sýnd í öðru umhverfi og annars konar stemmning væri í kringum óperuflutning að þessir áhorfendur myndu frekar velja því fyrir sér að fara á slíkan viðburð? Eða væri kannski nær að tala um tónleika frekar en óperusýningu þar sem að flutt yrði í það minnsta að hluta til óperutónlist, í bland við aðra tónlist?

Viðburðurinn á Hlustendaverðlaununum var talsvert frábrugðinn viðburðinum á Húrra. Hljómsveitin Hatari var tilnefnd til verðlauna og var þar af leiðandi beðin um að vera með skemmtiatriði. Áhorfendur í sal voru ekki að koma sérstaklega á tónleika hjá Hatara eins og á Húrra. Óhætt er að áætla að það hafi því ekki verið sami meðbyr með

hljómsveitinni eins og á Húrra. Í hvorugt skiptið komu áhorfendur til þess að heyra óperusöng og væri það efni í annað verkefni að kanna hvað þyrfti að gera til að fá þessa sömu áhorfendur til þess að mæta á viðburð sérstaklega til þess að heyra óperusöng. Sama hvað það var þá var upplifun mín sú að áhorfendur á Hlustendaverðlaununum sýndu ekki sömu hrifningu og áhorfendur á Húrra og það var ekkert sem að benti til þess að þeir áhorfendur hefðu áhuga á að sjá svipað atriði aftur.

Aðal spurningin mín í þessu lokaverkefni er hvort að ég sem óperusöngkona geti fundið leiðir til þess að ná til breiðari hóps áhorfenda en þeirra sem nú þegar eru óperuunnendur. Út frá því velti ég fyrir mér hvort að þessir áhorfendur gætu haft gaman af því að fara í óperuna sjálfa eða hvort að þeir væru líklegri til þess að hafa gaman af annars konar viðburðum þar sem óperutónlist væri hluti af viðburðinum, eins og t.d. viðburðurinn Hatari á Húrra.

Lokaorð

Ég kom inn í þetta meistaranám í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (NAIP) í Listaháskóla Íslands með alls konar spurningar sem snúa að óperum, menningunni í kringum óperuflutning og tengingu óperunnar við umheiminn í nútímasamfélagi en ekki síst spurninguna hver ég vildi vera sem listamaður. Hvernig ég gæti fundið farveg fyrir sköpunarkraftinn og áttað mig betur á hvert ég vildi stefna. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvers vegna ég valdi sjálf að læra óperusöng og ég held að aðalástæðan sé sú að ég heillast af tónlistinni og því að segja sögur í gegnum tónlist.

Að taka tónlistina út úr samhengi, út úr því umhverfi þar sem hún er venjulega flutt og að flytja hana fyrir áhorfendur sem ekki eru hefðbundnir óperugestir var einstaklega áhugavert og lærdómsríkt. Þessi verkefni gerðu mig mjög forvitna um hvort að fleiri gætu haft gaman af óperum eða óperutónlist ef að framsetningin væri önnur og ýttu mér svo langt út fyrir þægindarammann að ég kynntist hliðum á mér sem að ég vissi ekki að væru til. Verkefnin með Hatara voru fyrsta skrefið í því að taka óperuna út fyrir boxið og vonandi er það bara byrjunin. Ég sé fyrir mér að halda áfram að gera óíkar tilraunir í leit að því að gera óperutónlist aðgengilegri fyrir nýja áheyrendur og að takast á við áskoranir í minni listsköpun sem að hvetja mig til þess að stíga stórt skref út fyrir þægindarammann og að nýta sköpunarkraftinn að fullu. Námið hefur hvatt mig til þess að takast á við sjálfan mig, að fara ótroðnar slóðir og hjálpað mér að opnað huga minn fyrir ótal fleiri möguleikum.

Heimildaskrá

Bylgjan 989. *Hlustendaverðlaunin 2018 X-Hatari*. Sótt 13. maí 2018.

<https://www.youtube.com/watch?v=h6LRoB37Vus>.

„HATARI“. Sótt 13. maí 2018. <https://hatari.is/>.

„Home“. *Paul Potts* (blog). Sótt 12. maí 2018. <http://www.paulpottsofficial.com/home/>.

„Listahátíð í Reykjavík |“. Listahátíð í Reykjavík. Sótt 6. júní 2018. listahatid.is.

„Ópera um ekkert (2017) on Vimeo“. Sótt 13. maí 2018. <https://vimeo.com/218485171>.

Pavarotti, Luciano, og William Wright. *Pavarotti, my world*. 1st ed. New York: Crown, 1995.

„Sýningar“. Íslenska óperan. Sótt 6. júní 2018. <http://opera.is/is/syningar/>.